

**Efni: Athugasemdir Landspítala við frumvarp til breytingar á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008 og lyfjalögum nr. 93/1994, 636. mál.**

Landspítali hefur að ósk Velferðarnefndar tekið ofangreint frumvarp til skoðunar.

Í meginatriðum gerir Landspítali ekki athugasemdir við frumvarpið í heild, eða efni þess. Landspítali vill þó koma áframfæri nokkrum ábendingum varðandi framsetningu einstakra liða í frumvarpinu.

Varðandi 3. gr. frv.:

Samkvæmt frumvarpinu verður 23. gr. laga 112/2008 flutt til og gerð að nýrri grein, gr. 33. a. Ekki kemur hins vegar fram hvort aðrar greinar laganna munu færast til, þ.e. 24. gr. verði 23. gr. Telur Landspítali æskilegt að kveða skýrt á um þetta atriði í frv. hvernig með skuli farið.

Varðandi 5. gr. frv.:

Landspítali gerir ekki efnislegar athugasemdir við þessa grein, en fer fram á að hann verði hafður með í ráðum við útfærslu ákvæðum um endurgreiðslu í reglugerð sem fyrirhugað er að sett verði skv. greininni.

Varðandi 8. gr. frv.:

Í lok nefndrar greinar er kveðið á um heimild til að innleiða almannatryggingarreglur stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu. Landspítali telur að ólíkt því sem heimild til að innleiða gerðir og reglugerðir Evrópusambandsins, í krafti laga 2/1993 skort sambærileg lagaákvæði til innleiðingar gerða eða reglna samkvæmt EFTA samningnum með reglugerðarsetningu.

Reykjavík 19.5. 2015